

apríl næstkomandi að telja. Hún greiði og allan kostnað sakarinnar, þar á meðal 60 krónur til skipaðs talsmanns síns hér fyrir réttinum, Gústavs A. Sveinssonar, málaflutningsmanns.

Með tilliti til þess, að hér er um fyrsta brot að ræða og þó sérstaklega með tilliti til æsku ákærðu. Þykir rétt að ákveða að fangelsisrefsingin skuli vera skilorðsbundin samkvæmt ákvæðum 1. greinar laga nr. 39, 1907.

Á rannsókn máls þessa hefir orðið nokkur dráttur vegna þess að ekki var hægt sakir veikinda hinna slösuðu að leiða þau fyrir rétt lengi vel. Að öðru leyti hefir rekstur málsins verið vítalaus.

Föstudaginn 10. febr. 1933.

Nr. 196/1932. Réttvísín

(Bjarni P. Johnson)

gegn

Árna Jóhannessyni, Viktor Ström og Óskari Lárussyni

(Garðar Þorsteinsson).

Brot g. 23. og 27. kap. hegnl. og l. 51/1928.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 30. marz 1932: Ákærður, Árni Jóhannesson, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 6 mánuði. Hann greiði og Kristínu Þorvaldsdóttur 300 krónur í skaðabætur innan 15 daga frá uppsögn dóms þessa.

Ákærður, Viktor Ström, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 6 mánuði og ákærður, Óskar Lárusson, fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 30 daga. En að því er þá snertir skal fangelsisrefsingunni frestað og hún falla niður nema ákærðir innan 5 ára frá uppsögn dóms þessa sæti ákæru í opinberu máli fyrir glæp drýgðan af ásettu ráði og séu í því máli dæmdir í þyngri refsingu en sektir.

Ákærðir greiði in solidum allan kostnað sakarinnar, en hver um sig kostnaðinn við gæzluvarðhald sitt.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Lýsingin í 4. tölulið 231. gr. hegningarlaganna á við stuld ákærða, Árna Jóhannessonar, úr húsi Sláturfélags Suðurlands, en að öðru leyti heyra brot hans undir 6. gr. sbr. að nokkru 7. gr. laga nr. 51/1928. Refsing hans þykir hæfilega ákveðin samkvæmt 6. og 7., sbr. 6. gr. laga nr. 51/1928, eins og héraðsdómarinn hefir ákvarðað hana.

Reikningafölsun ákærða, Victors Ström, hefir héraðsdómarinn réttilega heimfært undir 270. gr. hegningarlaganna og samverknaður hans í fatastuldinum með ákærða, Óskari Lárussyni, varðar við 6. gr. laga nr. 51/1928, sbr. 48. gr. hegningarlaganna. Ákvörðun héraðsdómarans á refsingu ákærða, Victors Ström, þykir og mega staðfesta, en með hliðsjón af því, að hann framdi þjófnaðinn á kaffihúsinu Minni-Borg viku eftir að hann hafði til fulls meðgengið reikningafölsunina og eftir að hann hafði verið látinn laus úr varðhaldi, þykja vanta skilyrði til þess að fresta fullnustu refsingarinnar eftir lögum nr. 39/1907.

Samverknaður, ákærða, Óskars Lárussonar, með ákærða, Ström, í stuldinum á áðurnefndu kaffihúsi varðar við 6., sbr. 8. gr. laga nr. 51/1928, sbr. 48. gr. hegningarlaganna, eins og fyrr segir, og þykir refsing ákærða, Óskars, hæfilega sett 45 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, en ekki þykja heldur skilyrði til frestunar á fullnustu refsingarinnar eftir lögum nr. 39/1907 vera fyrir hendi, með því að ákærði framdi brotið aðeins skömmu eftir að 5 ár voru liðin frá uppkvaðningu hins fyrra refsídóms.

Ákvæði héraðsdómsins um greiðslu sakarkostn-

aðar í héraði og um greiðslu iðgjalda þykir mega staðfesta. Hinir ákærðu greiði allir in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti 100 kr. til hvors.

Það er aðfinnsluvert að hinir fölsuðu reikningar fylgdu ekki dómsgjörðunum til hæstaréttar, og ekki hefir sækjanda málsins heldur tekizt að afla þeirra samkvæmt skýrslu hans hér fyrir dómi.

Því dæmist rétt vera :

Hinir ákærðu, Árni Jóhannesson og Victor Ström, sæti hvor um sig 6 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og ákærði, Óskar Lárusson, samskonar fangelsi í 45 daga.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði og um greiðslu iðgjalda skulu vera óröskuð. Hinir ákærðu greiði in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna, Bjarna Þ. Johnson og Garðars Þorsteinssonar, 100 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af réttvísinnar hálfu höfðað gegn Árna Jóhannessyni, Viktori Ström og Óskari Lárussyni, gæzluföngum í hegningarhúsinu hér, fyrir brot gegn 23. kaptula hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869 og lög-

um nr. 51 frá 1928 um nokkrar breytingar til bráðabirgða á hegningarlöggjöfinni og viðauka við hana og einnig gegn Viktori Ström fyrir brot gegn ákvæðum 27. kapitula hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869.

Málavextir eru þeir, sem hér segir:

1. Hinn 8. þ. m., kl. um 5¼ að morgni, var brotin rúða í útstillingarglugga Ólafs Magnússonar hirðljósmyndara hér í bænum. Systir Ólafs, sem lá vakandi í rúmi sínu, heyrði tvisvar sinnum brothljóð, fór á fætur og vakti aðra systur sína, fóru þær út í glugga Templarasundsmegin og litu út. Sáu þær þá hvar maður hljóp fram hjá húsinu suður Templarasund og hélt vestur Vonarstræti og var hann með stórar ljósmyndir í römmum sitt undir hvorri hendi. Hringdu þær systur samstundis á lögreglustöðina, lögreglan kom strax á vettvang, en fann ekki manninn. Kom í ljós, að hann hafði stolið úr glugganum hjá Ólafi Magnússyni 3 stærstu ljósmyndunum, sem þar var útstíllt.

Lögreglan tók málið þegar til rannsóknar og er leið á daginn fékk hún vissu fyrir því, að ákærður, Árni Jóhannesson, væri valdur að myndahvarfinu. Var þá samkvæmt úrskurði gerð húsleit heima hjá honum, þar sem hann bjó í Fischersundi 3, og fundust þá hinar stolnu myndir. Var farið með ákærða í varðhald og játaði hann viðstöðulaust, að hafa stolið myndunum og brotið rúðuna. Kveðst hann hafa verið einn um þetta, og maður sá, sem um tíma fékk að sofa hjá ákærðum vissi ekkert um þetta. Ákærður kveðst ekki hafa komið inn í herbergið með myndirnar fyrr en eftir að sambýlismaðurinn var farinn á fætur, en skildi þær eftir í skoti bak við stigann fyrir framan herbergisdyrnar hjá sér. Af munum þeim, sem fundust í herbergi ákærða við húsrannsóknina, kveðst hann engum hafa stolið, nema stórum stofuspegli, sem hann stal skömmu áður úr forstofu á Laufásvegi 4 og hafði sá þjófnaður verið tilkyntur lögreglunni 4. þ. m. Auk þess kveðst hann hafa stolið tveim veggmyndum í afgreiðslutíma úr verzlun á Laugaveginum, skammt fyrir neðan Laugavegs Apotek.

Þá hefir ákærður skýrt svo frá, að hann hafi einhverntíma í fyrra að kvöldi til brotið með steini rúðu í glugga Listverzlunarinnar í Kirkjustræti 4 og rekið hend-

ina inn um rúðuna og tekið þaðan marga hringi og síðan hlaupið á brott. Hann kveður að enginn hafi verið í vitorði með sér um þenna þjófnað, og eftir á kveðst hann hafa látið sambýlismann sinn, Kristinn nokkurn Jóhannsson vita um það, og gaf hann honum nokkra hringi. Ekki hefir upplýzt hvar Kristinn þessi er niður kominn. Þessi þjófnaður var tilkynntur lögreglunni 20. marz f. á. og talið að hringarnir væru um 900 kr. virði og hefir eigandi Listverzlunarinnar, Kristín Þorvaldsdóttir, staðfest það fyrir rétti. Ákærður hefir á engan hátt getað gert grein fyrir því, hvað hann hafi gert af hringjum þessum, kveður sér ekkert hafa orðið úr þeim peningalega. Hið eina, sem hann hefir selt af hringjunum kveður hann vera, að hann lét konu, sem hann leigði hjá, að nafni Herdis Ström, fá 3 hringi fyrir 19 krónur. Konan hefir mætt fyrir rétti og staðfest þetta og skilað aftur hringjunum. Sumum hringjunum kveðst ákærður hafa týnt. Annað hefir ekki fengizt fram hjá honum um það, hvað orðið hafi um hringina, og enginn hefir fundizt hjá honum nema einn steinlaus.

Þá hefir ákærður játað það, að hann hafi einusinni farið inn um opinn glugga á húsi Sláturfélags Suðurlands, og slegið þar upp eina kjöttunnu og stolið þaðan slatta af kjöti í tunnusekk. Þessi þjófnaður var tilkynntur lögreglunni 16. febrúar síðastliðinn og talið að glugginn hefði verið brotinn upp, en ákærður hefir ávallt haldið því fram að glugginn, sem hann fór inn um, hafi verið opin. Kjöt þetta lét ákærður Ólaf Jónsson, Framnesveg 25, sem hann þá leigði hjá, hafa upp í húsaleigu og sagði honum að hann hefði fengið það sent heiman frá sér. Ólafur Jónsson mætti fyrir rétti, kveður hann saltkjötið hafa verið 74 pund og hann tekið það fyrir 44 krónur upp í húsaleigu. Einnig kveðst Ólafur hafa keypt af ákærðum nokkur pund af hangikjöti. Kveðst ákærður hafa stolið því úr porti, sem gengið er inn í úr Lækjargötu, bak við Bifreiðarstöð Reykjavíkur. Kveðst ákærður hafa ráfað inn í portið rétt fyrir jólin í vetur og sá þar bak við kassa í portinu poka með hangikjöti í, kveður að það hafi verið tæplega hálfur skrokkur. En maður sá sem líklegt er að hafi sent kjöt þetta til Reykjavíkur kveður að það hafi verið heill kjötskrokkur. Einnig kveðst ákærður einu sinni

í fyrra hafa stolið stigvélum og stakk úr togara, er lá við Löngulinu og seldi á fornsölu á Vitastíg 8. Öðru eða meira en því, sem hér er talið, hefir ákærður harðlega neitað að hafa stolið nema fiski og fiski niður við fiskisöluskúra í soðið handa sér, og tómunum flöskum hér og þar.

II. Við húsrannsókn þá, sem gerð var í herbergi ákærða Árna, fannst meðal annars koffort, sem átt hafði fyrri leigjandi í herberginu, ákærður Viktor Ström. Í því kofforti fundust 26 reikningar, skrifaðir í nafni Sveins Gunnarssonar læknis, til ýmsra togarafélaga hér í bænum fyrir veitta læknishjálp skipverjum á skipum þeirra. Ákærður, Viktor viðurkenndi að hafa falsað alla þessa reikninga nema 3. Hann hefir skýrt svo frá, að í fyrra hafi hann innheimt reikninga frá Sveini Gunnarssyni lækni fyrir Hjörleif Jónsson innheimtumann. Þaðan stafa hinir 3 réttu reikningar og þá falsaði hann alla þessa reikninga, en framvísaði engum þeirra. En í janúar og febrúar síðastliðnum kveðst ákærður hafa skrifað nokkra reikninga í nafni Sveins Gunnarssonar á nokkra skipverja á skipum útgerðarfélaganna Alliance og Njörður, og framvísað reikningum þessum á skrifstofum félaganna og fékk þá greidda. Gjaldkerum félaganna hefir verið gert aðvart. Hjá Alliance hafa fundizt 6 reikningar frá Sveini Gunnarssyni hljóðandi á skipverja á Hilmi, Tryggva gamla og Skúla fógeta, samtals að upphæð kr. 58.00. Þessum reikningum öllum hafði verið framvísað í janúar og febrúar síðastliðnum. En aðrir reikningar frá Sveini Gunnarssyni fundust ekki. Hjá Nirði fundust 5 reikningar frá Sveini Gunnarssyni, hljóðandi á skipverja á botnvörpungunum Nirði og Geir. Voru reikningar þessir að upphæð kr. 42.00. Ákærður hefir játað að hafa falsað alla þessa reikninga, framvísað þeim sjálfur og fengið þá greidda. Þeir hafa og verið sýndir Sveini Gunnarssyni lækni, og hann hefir neitað því að hafa skrifað þá. En ákærður hefir neitað að hafa framvísað nokkrum reikningi fyrr en eftir áramótin og hvergi framvísað reikningum nema hjá þessum tveim útgerðarfélögum.

Ákærður var hafður í fangelsi um tíma meðan verið var að rannsaka mál þetta, til þess að afplána áfengislaga-sekt. Er hann hafði lokið afplánun sinni var hann látinn laus. En skömmu síðar eða hinn 19. þ. m. var ákærður

gripinn, er hann klukkan langt gengin tólf um kvöldið, var að fara út af kaffihúsinu Minni Borg hér í bænum, með fót og frakka, er hann ekki átti, á handleggnum. Frakki þessi og fót voru geymd í fataskáp innar af klósettinu á Minni Borg. Ákærður hefir játað það, að hann hafi í samráði við meðákærðan Óskar Lárusson, tekið fötin og frakkann út úr skápnum, sem hafi verið opin, og ætlað með þau út, en hinsvegar hafi þeir ekkert verið búnir að tala sig saman um það, hvað þeir ætluðu að gera við fatnaðinn. Ákærður hefir neitað því, að hafa framið fleiri þjófnaði. Hann kveðst hafa verið undir áhrifum vins, er hann gerði þetta, hafa drukkið brennsluspiritus.

III. Ákærður, Óskar Lárusson, var tekinn á Minni Borg ásamt ákærða Viktori Ström. Hann hefir viðurkennt fyrir rétti, að hann hafi verið í samráði með ákærðum Viktor, um að taka fót þau og frakka, sem Viktor var tekinn með. Hann kveður að hvorugur þeirra hafi opnað skápinn inn af klósettinu, heldur hafi maður verið að skoða gráan frakka í skápnum, er ákærðir komu inn á klósettið, en þá fleygði sá maður frakkanum og kvaðst ekki eiga hann. En þá tóku ákærðir þann frakka og fót úr skápnum og fór Viktor út með þau. Ákærður tók og annan frakka á handlegginn, sem veitingamaðurinn á Minni Borg átti, en fleygði honum aftur, er hann sá, að ákærður Viktor, var stöðvaður og gekk allslaus út á götuna. Ákærður kveðst ekki hafa framið aðra þjófnaði en þennan, og kveðst hafa verið undir áhrifum af brennsluspiritus, er þetta gerðist.

Skaðabótakrafa hefir engin komið fram í máli þessu, nema frá Kristínu Þorvaldsdóttur, sem gerir 300 króna kröfu fyrir rúðubrotið hjá sér og upp í andvirði hinna stolnu hringja.

Ákærðir eru komnir yfir lögaldur sakamanna, Árni fæddur 2. júlí 1911, Viktor fæddur 11. september 1909, en Óskar fæddur 6. ágúst 1905. Árni og Viktor hafa ekki sætt refsingu áður, en Óskar hefir með dómi aukaréttar Vestmannaeyja, uppkveðnum 4. janúar 1926, verið dæmdur skilorðsbundið í 2 x 5 daga fangelsi við vatn og brauð. Árni hefir setið í gæzluvarðhaldi frá 9. þ. m. til þessa dags, en Viktor og Óskar hafa setið í gæzluvarðhaldi frá 20. þ. m. til þessa dags.

Framantalín afbrot ákærða, Árna, ber að áliti dómarans

að heimfæra undir 6. og 7. grein laga nr. 51 frá 1928 sbr. 231. grein hinna almennu hegningarlaga og þykir refsing sú, sem hann hefir til unnið hæfilega ákveðin fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 6 mánuði. Hann greiði og Kristínu Þorvaldsdóttur 300 krónur í skaðabætur innan 15 daga frá uppsögn dóms þessa.

Afbrot ákærða, Viktor Ström, ber að áliti dómarans að heimfæra undir 270. grein hinna almennu hegningarlaga og 6. grein laga nr. 51, 1928 og þykir refsing sú, sem hann hefir tilunnið, hæfilega ákveðin fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 6 mánuði. En þar sem um fyrsta afbrot er að ræða, og ákærður játaði brot sitt hreinskilnislega þykir mega ákveða að refsing hans skuli vera skilorðsbundin, ef skilorð laga nr. 39, 1907 er haldið.

Afbrot ákærðs, Óskars, ber að heimfæra undir 8. grein laga nr. 51, 1928 og þykir refsing sú, sem hann hefir tilunnið, hæfilega ákveðin fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 30 daga. En með því að afbrot hans er ekki stórvægilegt og meira en 5 ár eru liðin síðan hann var dæmdur og hann virðist hafa hegðað sér vel þann tíma, þykir mega ákveða að refsing hans skuli vera skilorðsbundin, ef skilorð laga nr. 39, 1907 er haldið.

Ákærðir greiði in solidum allan kostnað sakarinnar, en hver um sig allan kostnað við gæzluvarðhald sitt.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Mánudaginn 13. febr. 1933.

Nr. 120/1932. **Kristinn Guðnason**

(Lárus Jóhannesson)

gegn

Porkeli Jónssyni

(Stefán Jóh. Stefánsson).

Krafa stefnda um bætur vegna of skamms uppsagnarfrests í vinnusambandi eigi tekin til greina.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 23. júlí 1932: Stefndir, Kristinn Guðnason og Gunnar Guðnason, greiði báðir